

Reikningsskilaráð ríkisins

61. Fundur – 9. mars 2022 kl. 09:00

Fundargerð

Fundinn sátu:

- Reikningsskilaráð: Gunnar H. Hall, Ingbór Karl Eiríksson, Ólafur Hjálmarsson og Anna Birgitta Geirfinnsdóttir.
- Fjarverandi: Björn Þór Hermannsson
- Fulltrúi ríkisendurskoðanda: Birgir Finnbogason.
- Fundarritari: Kristinn Hjörtur Jónasson.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð 60. fundar samþykkt.

2. Verklag nefndarinnar

Rætt var um verklag nefndarinnar til næstu ára og fyrirkomulag funda. Ákveðið var að straumlínulaga hefðbundna dagskrá ráðsins með hliðsjón af ákvæðum laga nr. 123/2015 um opinber fjármál þar sem kveðið er á um hlutverk þess. Í aðalatriðum verður hún með eftirtöldum hætti:

1. Fundargerð
2. Staðlar og álitamál,
3. Erindi beint til ráðsins,
4. Mál til umræðu og kynningar
5. Ákvarðanir og úrskurðir

3. Frestun staðla

Innleiðing á breyttum reikningsskilum er umfangsmikið verkefni og verður þeim ekki að fullu lokið með útgáfu Ríkisreiknings fyrir árið 2021. Farið var yfir minnisblað frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu og Fjárslunni um frestun á innleiðingu IPSAS staðla nr. 13, 35, 36, 37 og 38 í ríkisreikningi fyrir árið 2021. Þar voru m.a. skýrðar ástæður fyrir seinkun á innleiðingu staðlanna ásamt áætlun um innleiðingu þeirra. Á næsta fundi verður lagt fyrir erindi með ósk til ráðsins um að heimila þessa frestun og einnig lögð fram áætlun um innleiðingu þeirra.

4. Ríkisreikningur 2021.

Farið var yfir vinnu og tímamörk við gerð Ríkisreiknings fyrir árið 2021. Verkefnið gengur vel.

5. Frumvarp um staðfestingu ríkisreiknings, ábendingar.

Frumvarp um staðfestingu ríkisreiknings fyrir árið 2020 hefur verið samþykkt á Alþingi. Farið yfir nefndarálit bæði meirihluta og minnihluta fjárlaganefndar og hvernig bregðast þurfi við þeim.

6. Önnur mál.

Skýrt var frá því að starfsmaður íslenskra stjórnvalda í Brussel, sendi inn stutt erindi þar sem óskað er eftir afstöðu reikningsskilaráðs til framsetningar á tveimur útgjaldaliðum í fjárlögum, ríkisreikningi og fjármálaáætlun. Hér er um að ræða skuldbindingar til margra ára um framlög Íslands til Uppbyggingarsjóðs EES EFTA ríkjanna annars vegar og til samstarfsáætlana ESB. Ákvarða þarf hvernig haga beri framsetningu á þessum liðum í áætlunum og reikningum stjórnvalda. Fjallað verður um þetta erindi á næsta fundi ráðsins.

Ekki var annað rætt og fundi slitið 10:30.

Næsti fundur miðvikudaginn 6.apríl kl. 9.